

# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi  
Erindi nr. P/138/2269  
komudagur 14.5.2010*

Reykjavík 14. maí 2010.


## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hvali, 590. mál.**

Frumvarpið er endurflutt frá 137. löggjafarþingi 2009 með lítils háttar breytingum.

Skv. 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að leyfi til hvalveiða séu gefin út til tveggja ára í senn. Sjómannasamband Íslands telur þetta of skamman tíma fyrir veiðileyfi. Eðli máls samkvæmt þarf sá sem ætlar að stunda hvalveiðar að leggja í mikla fjárfestingu og skipuleggja veiðarnar langt fram í tímann, sérstaklega ef um stórhvalaveiðar er að ræða. Sjómannasamband Íslands leggur því áherslu á að leyfi til veiðanna verði gefin til mun lengri tíma en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Samkvæmt 19. grein frumvarpsins falla öll leyfi sem gefin eru út á grundvelli eldri laga úr gildi við gildistöku nýrra laga og er gert ráð fyrir að frumvarpið verði strax að lögum við samþykkt þess. Miðað við tímasetningu frumvarpsins og orðalag framangreinds ákvæðis er engu líkara en nota eigi það til að stöðva hvalveiðar á komandi sumri. Sjómannasamband Íslands leggur til að ný lög taki ekki gildi fyrr en að loknu næsta hvalveiðitímabili, eða að leyfi til hvalveiða sem gefin voru út á grundvelli eldri laga verði sjálfkrafa endurnýjuð á grundvelli nýrra laga strax við gildistöku þeirra.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hölmgeir Jónsson